

Samþykktir aðalfundar SSA um staðbundið háskólanám frá 2002 – 2009

2009

Ályktun um staðbundið háskólanám

43. aðalfundur SSA haldinn á Seyðisfirði 25.-26. september 2009 fagnar áformum um þróun meistaranáms í umhverfis- og þjóðgarðastjórnun sem leitt er af Vísindagarðinum á Egilsstöðum sem getur orðið fyrsta skref í uppbyggingu háskóla á Austurlandi.

Jafnframt vill fundurinn undirstrika mikilvægi þess að sérfræðingar og fagstofnanir/ fyrirtæki á svæðinu taki þátt í þróun námsbrauta og námskeiða sem byggja á sérstöðu Austurlands og þeirri þekkingu og mannauði sem þar er til staðar. Aðalfundur SSA telur afar mikilvægt að staðbundið háskólanám verði að raunveruleika á Austurlandi í samstarfi fag- og fræðslustofnana, þekkingarsetra og framhaldsskóla í fjórðungnum.

2008

Ályktun um staðbundið háskólanám

42. aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi 26.-27. september 2008 fagnar áformum um að koma upp staðbundnu háskólanámi í Vísindagarðinum á Egilsstöðum frá og með haustinu 2009. Aðalfundur SSA telur afar mikilvægt að staðbundið háskólanám verði að raunveruleika á Austurlandi og styður því þau áform sem nú er uppi sem fyrsta skref í uppbyggingu Háskóla á Austurlandi.

2005

Háskólanám á Austurlandi

Aðalfundur SSA haldinn á Reyðarfirði dagana 15. – 16. september 2005 fagnar því að nú skuli hafist handa við að byggja upp öflugt háskóla- og rannsóknasetur á Egilsstöðum sem verði kjarni háskólamenntunar á Austurlandi. Sömuleiðis leggur fundurinn áherslu á að háskólasetrið í Nýheimum á Höfn verði eftl.

2004

Háskólanám á Austurlandi

Aðalfundur SSA haldinn á Egilsstöðum dagana 16.-17. september 2004 lýsir þeirri skoðun sinni að nú þegar eigi að hefjast handa við að byggja upp öfluga framtíðarháskólastofnun á Egilsstöðum sem verði kjarni háskólamenntunar á Austurlandi og byggi á grundvelli þess starfs sem fram fer nú þegar á Austurlandi.

2003

Fræðslunet Austurlands - háskólanámssetur

Aðalfundur SSA haldinn á Breiðdalsvík dagana 21. og 22. ágúst 2003 telur ákvörðun um uppbyggingu háskólanámsseturs á Egilsstöðum afar jákvæðan þátt í þróun menntunar í landshlutanum. Þá lýsir fundurinn yfir stuðningi við þá ákvörðun að Fræðsluneti Austurlands skuli falið að byggja setrið upp og reka það. Það er eindreginn vilji aðalfundarins að með tilkomu háskólanámssetursins verði öllum íbúum Austurlands gert auðveldara að leggja stund á háskólanám.

Fundurinn leggur áherslu á áframhaldandi uppbyggingu námsvera fyrir fjarnema á Austurlandi. Fundurinn ítrekar á að ríkinu ber að kosta framhalds- og háskólanám og að mikilvægt er allir íbúar landsins hafi jafnan aðgang að námi á öllum stigum þ.m.t. símenntun. Því verða fjárveitingar til málaflokksins að vera í samræmi við umfang þjónustu og kostnað við að veita hana.